

**2. fundur skólanefndar vegna Flúðaskóla árið 2014, haldinn 26. mars 2014 í Flúðaskóla, kl. 14.00.**  
**27. fundur kjörtímabilsins 2010 – 2014.**

Mætt til fundar: Helgi Jóhannesson, formaður, Unnsteinn Logi Eggertsson sem ritaði fundargerð, Bjarney Vignisdóttir, Guðrún Pétursdóttir skólastjóri, Jóhanna Lilja Arnardóttir, aðstoðarskólastjóri, Lára Bergljót Jónsdóttir og Ingvar Hjálmarsson, Skeiða- og Gnúpverjahreppi og Erla B. Arnardóttir, fulltrúi úr skólaráði. Fulltrúi kennara boðaði forföll.

**Dagskrá.**

- 1. Skýrsla skólastjóra.**
- 2. Samningur um skólaakstur.**
- 3. Rekstur síðasta árs.**
- 4. Skólafestna - almenn kynning.**
- 5. Önnur mál.**

Formaður setti fundinn og bauð viðstadda velkomna. Gengið var til dagskrár.

**1. Skýrsla skólastjóra.**

Miðvikudaginn 26. febrúar var Halldórsmótið í skák. Var þetta í 6. sinn sem mótið er haldið og var þátttaka góð eins og áður. Nemendur fá frí frá skólabókum og bíða margir þeirra spenntir eftir mótinu ár hvert. Alls tóku 78 nemendur þátt en það eru nemendur í 3.-10. bekk sem hafa þátttökurétt.

Úrslit mótsins voru eftirfarandi:

**Yngri flokkur (3.-7. bekkur)**

1. Eyþór Orri Árnason
2. Páll Magnús Unnsteinsson
3. Hjörtur Snær Halldórsson

**Eldri flokkur (8.-10. bekkur)**

1. Filip Jan Jozefik
2. Óskar Sigmundsson
3. Anna Marý Karlsdóttir

Árni Þór Hilmarsson íþróttakennari er með skákæfingar einu sinni í viku, fyrir þá nemendur skólans sem áhuga hafa. Valdimar Stefán Sævaldsson hefur verið honum til aðstoðar í vetur og fyrravetur á skákæfingum og er það að hans eigin frumkvæði og unnið í sjálfboðavinnu.

Foreldrafélag skólans stóð fyrir hefðbundinni öskudagsskemmtun fyrir nemendur í 1.-7. bekk í Félagsheimilinu. Unglingarnir fengu einnig sína skemmtun í íþróttahúsinu eins og undanfarin ár. Leitað var til foreldra um að koma meira inn í þessar skemmtanir vegna þess að kennurum bauðst óvænt fræðsla á sama tíma. Á meðan krakkarnir skemmtu sér, með skólastýru, stuðningsfulltrúum og foreldrum, fengu kennarar fræðslu frá Reyni Hjartarsyni kennara í Hlíðarskóla, hann kynnti kennsluaðferðir sem reynst hafa vel til að gera nemendur sjálfstæðari og ábyrgari í sínu námi.

Þorgrímur Þráinsson, rithöfundur, hitti 10. bekkinga með fyrirlesturinn „Láttu drauminn rætast“. Þetta er annað árið sem hann kemur og hittir 10. bekkingana okkar. Fyrirlestur Þráins gengur út á mikilvægi markmiðssetningar til að ná árangri og fleira því tengt.

Nemendur okkar voru sigursælir í Stóru upplestrarkeppninni sem haldin var í Árnesi þann 6. mars. Úrslit voru sem hér segir:

1. sæti Guðbrandur Örn Úlfarsson, Flúðaskóla
2. sæti Rósa Kristín Jóhannesdóttir, Bláskógaskóla
3. sæti Laufey Helga Ragnheiðardóttir, Flúðaskóla

Flúðaskóli sendi lið í First legó keppnina sem haldin var í Háskólabíói í byrjun febrúar. Liðið skipuðu strákar sem voru í legóvali sem í boði var í unglíngadeildinni. Strákarnir sem kölluðu liðið sitt LegoLas stóðu sig vel og voru skólanum til sóma. Eftir keppnina fengu þeir að kynna verkefni sitt fyrir öðrum nemendum skólans og var það mjög skemmtilegt og fræðandi.

8. – 10. bekkingar fóru í skíðaferð í Bláfjöll þar sem gíst var eina nótt, þessi ferð var í samvinnu við Zero eins og í fyrra.

Boðið var upp á danskennslu á dögnum og fékk hver hópur 5 tíma kennslu hjá Silju í Danssporti á Selfossi. Mikil ánægja var með fyrirkomulagið og kennsluna sjálfa en nú ákváðum við að prófa að dreifa danstímunum. Stefnt er að því að fá sama kennara að ári þar sem nemendur voru mjög sáttir með kennsluna.

Í febrúar var námskeið fyrir alla kennara skólans á vegum Mentors. Helsta viðfangsefnið var hvernig nýta má fjölskylduvef Mentors betur til námsmats og innleiðingu nýrrar námskrár.

Sigþrúður Guðmundsdóttir framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins og fyrrverandi kennari við Flúðaskóla, heimsótti okkur flutti fyrirlestur fyrir kennara um mannréttindi. Heimsókn hennar var í tengslum við innleiðingu grunnþáttarins mannréttindi og lýðræði í skólanámskrá.

Skólastýrur eru á námskeiði á vegum Skólaþjónustu Árnesþings þar sem farið er yfir margþætt hlutverk stjórnenda í leik- og grunnskólum. Námskeiðsdagarnir eru þrjú núna á vorönninni og eru tveir þegar búnir.

Menntalestin var með skapandi smíðju fyrir kennara þriðjudaginn 25. mars og síðan verður hópi nemenda boðið upp á slíkt hið sama á næsta fimmtudag. Menntalestin er verkefni sem Samband sunnlenskra sveitarfélaga og Menningarráð Suðurlands stendur að og skólum á Suðurlandi stendur til boða að fá til sín að kostnaðarlausu. Menntalestin hefur það að markmiði að stuðla að skapandi kennslu og leikkonan Björk Jakobsdóttir kemur í skóla og heldur þessar smíðjur.

Harpa Reynisdóttir þroskaþjálfanemi er hjá okkur í vettvangsnámi í 5 vikur og er Kolbrún Haraldsdóttir leiðbeinandi hennar þann tíma.

## 2. Samningur um skólaakstur.

Skólastjóri lagði fram til kynningar samning um skólaakstur við Flúðaverktaka ehf.

## 3. Rekstur síðasta árs.

Skólastjóri fór yfir rekstur Flúðaskóla, mótuneytisins og skólaselsins fyrir árið 2013. Heildarniðurstaðan er sú að reksturinn var undir áætlun sem gerði ráð fyrir kostnaði upp á 201,2 milljónir, en niðurstaðan er 198,3 milljónir og er munurinn því tæpar 3 milljónir.

## 4. Skólastefna – almenn kynning.

Sameiginleg skólastefna Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps hefur verið samþykkt í báðum sveitarfélögum. Formaður fór yfir með hvaða hætti verður staðið að kynningu stefnunnar, en hún verður m.a. birt í fréttabréfum sveitarfélaganna, á heimasíðum þeirra og á heimasíðum viðkomandi skóla.

## 5. Önnur mál.

- a. **Gjaldskrá vegna prófa.** Skólastjóri óskar eftir að innheimt verði gjald til að mæta kostnaði sem hlýst af töku prófa í Flúðaskóla hjá nemum sem ekki eru í námi við skólann. Lagt er til að gjaldið verði 1.000 kr. fyrir próf á framhaldsskólastigi og 2.000 kr. fyrir próf á háskólastigi. Skólanefnd samþykkir gjaldskrána.
- b. **Fyrirspurn frá fulltrúa foreldra.** Fulltrúinn spurði um samræmingu milli skóla varðandi starfsdaga og vetrarfrí. Skólastjóri upplýsti um að slík vinna er í gangi á milli skólanna þegar unnið er að starfsáætlun/dagatali fyrir hvert skólaár.

Fleira var ekki gert. Fundi slitið kl. 14.55.